



<b>Skólanámskrá</b>	<b>2</b>
Saga Ásgarðs	2
<b>Kennsluaðferðir</b>	<b>3</b>
Nemendamarkmið	4
Lykilhæfni og persónuleg markmið	4
<b>Þemaverkefni og námsvísir</b>	<b>6</b>
<b>Námsmat</b>	<b>7</b>
Lokamat	8
<b>Grunnþættir</b>	<b>8</b>
Grunnþættir	9
Sjálfbærni	9
Heilbrigði og velferð	9
Lýðræði og mannréttindi	10
Jafnrétti	10
Læsi	10
Sköpun	11
<b>Bókasafn og bjargir</b>	<b>11</b>
<b>Tækni og nám</b>	<b>11</b>
<b>Heimanám</b>	<b>12</b>
<b>Námsgreinar</b>	<b>12</b>
Valgreinar	13
Kistillinn	14
Vinnulag	15
<b>Samstarf heimilis og skóla</b>	<b>16</b>
<b>Samstarf við framhaldsskóla og tilfærsluáætlun</b>	<b>16</b>



<b>Tengsl skóla við nærsamfélagið</b>	<b>17</b>
<b>Áætlun um agamál</b>	<b>18</b>
Óásættanleg hegðun	18
Lögbrot	19
Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla	21
Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda	21
Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra	21
Reglur um skólasókn	23
Almennar umgengnisreglur	24
<b>Innra mat</b>	<b>25</b>
<b>Áætlanir</b>	<b>26</b>

## Skólanámskrá

Í Ásgarði er lögð megináhersla á persónumiðað og heildstætt nám. Skólanámskrá skólans byggist á Aðalnámskrá grunnskóla og [International Middle Years Curriculum](#). Ásgarður sækir fyrirmynd til IMYC námskrárinnar sem mótar skipulag náms og kennslu með samþættum þemaverkefnum. Slík nálgun fellur vel að grunnþáttum aðalnámskrár.

### Saga Ásgarðs

Ásgarður er nýr grunnskóli sem starfar alfarið á netinu eða “í skýjunum” eins og starfsfólk skólans vísar til. Aðdragandi að stofnun Ásgarðs hófst haustið 2017 þegar fræðslustjórinn á Höfn í Hornafirði fór þess á leit við Tröppu ráðgjöf að sinna nokkrum nemendum í fjarkennslu í Hofgarði í Örfæfasveit. Bón þessari var vel tekið og vorið 2020 þegar þetta er ritað hafa kennarar hjá Tröppu ráðgjöf sinnt kennslu í Örfæfasveit, Norðurþingi og Reykhólasveit til styttri eða lengri tíma. Fjöldi annarra fjarkennsluverkefna hefur einnig verið sinnt af Tröppu ráðgjöf.

Í janúar 2020 ákvað Krístrún að kominn væri tími til að stofna fullvaxinn skóla “í skýjunum”. Rekstur grunnskóla samræmist ekki beinlínis ráðgjöfinni þó segja megi að skólinn verði mikilvæg fyrirmynd fyrir ráðgjöfina. Eðlilegt þykir að skólinn sé sérstök stofnun. Með því að kaupa aðgang að IMYC námskránni fá kennarar Ásgarðs aðgengi að verkefnabanka þar sem búið er að útfæra heildstæða samþættingu námsgreina



með áherslu á nemendalýðræði og markvissa þátttöku nemenda. Áherslur aðalnámskrár og IMYC falla vel að hvor annari.

Með tilkomu Ásgarðs gefst tækifæri til að auðvelda aðgengi barna í dreifbýli að fjölbreyttu námi og jafna betur stöðu þeirra við stöðu barna í þéttbýli í þeim efnum. Hægt er að koma í veg fyrir tíð ferðalög barna til að sækja kennslu og sérfræðiráðgjöf með því að nýta kosti sem Ásgarður býður upp á. Með því að búa til hópa á skjánum og nýta tæknina til þess að færa menntaða kennara og sérfræðinga nær börnunum er hægt að tryggja gæði óháð staðsetningu. Þannig geta foreldrar sem kjósa að búa fjarri skólabjónustu verið öruggir um að hægt sé að tryggja börnum þeirra skólagöngu.

Sveitarstjórn Reykhólahrepps deilir þeirri skoðun með stofnendum Ásgarðs að mikilvægt sé að jafna stöðu unglunga til gæðanáms óháð búsetu. Fyrsti nemandinn sem stundaði fullt nám hjá Tröppu ráðgjöf var búsettur í Reykhólahreppi og leiddi sú samvinna til þess að sveitarfélagið var tilbúið að ríða á vaðið og gera þjónustusamning við Ásgarð.


Þegar unnið var að því hörðum höndum að ljúka gerð þjónustusamnings, skólastefnu og skólanámskrá brast COVID-19 á. Þegar þetta er ritað, í miðju samkomubanni á páskum 2020, hefur fjarnám og fjarvinna sannarlega tekið stakkaskiptum í samfélaginu á stuttum tíma. Foreldrar, nemendur og kennarar víða um heim hafa orðið að nýta fjarskipti við nám og vinnu. Það hefur leitt til aukinnar vitneskju og þekkingar almennings á því að nám óháð staðsetningu sé raunhæfur kostur. Það mun sannarlega vinna með Ásgarði.

## Kennsluaðferðir

Kennslufræðileg útfærsla á náminu í Ásgarði byggir í meginatriðum á útfærslum IMYC námskrárinnar sem hafa verið aðlagðar íslensku aðalnámskránni.

IMYC námskráin er er hönnuð þannig að ákveðin hugtök (þemu) drífa námið áfram. Til þess að aðlaga íslensku aðalnámskrána þeirri alþjóðlegu var farin sú leið að fella þemun undir grunnþætti menntunnar og tryggja þannig að hvert þema væri sérstaklega litað af hverjum grunnþætti. Nánari útfærslu og yfirlit yfir þemun má sjá í Námsvísi Ásgarðs.

Þemun eru kjarninn í náminu og í þeim felast verkefni sem hverfast um hugtök sem nemendur fást við í námsferli sínu í hverri verkefnalotu (þema). Með skipulögðum áætlunum ná þemun að mestu yfir allar námsgreinar. Sérstök áhersla er lögð á námsferil nemandans sem á að vera sýnilegur á öllum stigum og er þungamiðjan við mat á stöðu nemandans.



Fieldwork Education: 2020

### Nemendamarkmið

Við kortlagningu á framförum nemenda er stuðst við hæfniviðmið 10. bekkjar í aðalnámskrá ásamt þekkingar-, leikni- og hæfniviðmiðum IMYC námskrárinnar. Markmið IMYC námskrárinnar og útfærslur eru sérstaklega hönnuð til þess að falla að kennslu og námi óháð landamærum.

### Lykilhæfni og persónuleg markmið

Lykilhæfni og persónuleg markmið lita allar námsgreinar og viðfangsefni sem nemendur fást við.

Kennarar og nemendur meta stöðugt lykilhæfni nemenda. Leiðsagnarmat er stöðugt í gangi en í lok hvers þemaverkefnis eða námslotu taka nemendur saman þann lærdóm sem þeir hafa tileinkað sér í verkefnum lotunnar og leggja fram kynningu á afurð sinni.

- Nemendur halda leiðardagbækur þar sem þeir skrá hjá sér sína sýn á viðfangsefnin
- Nemendur kynna verkefni sín og útskýra fyrir öðrum
- Nemendur vinna sjálfstætt og í hópum. Fjölbreytni viðfangsefna og leiða birtist í námsvísi



- Nemendur fara margvíslegar leiðir að því að ná markmiðum sínum og þurfa oft á tíðum að velja sér hentugar leiðir
- Nemendur taka þátt í skipulagi eigin náms og námsmati sem er stöðugt í gangi.

Lykilhæfni aðalnámskrár - Nemendur, kennarar og foreldrar leggja mat á stöðu hvers og eins. Unnið er með viðmið 10. bekkjar og gert ráð fyrir því að nemendur séu flestir búnir að ná lykilhæfni 7. bekkjar.

Stefnt er að því að nemendur geti:

- **Tjáning og miðlun**
  - Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum af öryggi og gert grein fyrir skoðunum sínum á skýran og greinagóðan hátt. Notað ólíka miðla jafnan af hugkvæmni við að koma þekkingu sinni, leikni, skoðunum og tilfinningum á framfæri.
- **Skapandi og gagnrýnin hugsun**
  - Spurt gagnrýninnna og rannsakandi spurninga og farið eigin leiðir við úrvinnslu verkefna. Gert skýra og vel rökstudda grein fyrir hvað liggur að baki árangri og nýtt sér á skapandi hátt möguleika sem felast í mistökum og óvæntum niðurstöðum. Unnið af gagnrýni með upplýsingar og dregið rökstuddar ályktanir, sýnt frumkvæði og beitt mismunandi sjónarhornum við mótun og miðlun viðfangsefna.
- **Sjálfstæði og samvinna**
  - Jafnan sýnt frumkvæði og sjálfstæði í vinnubrögðum. Haft frumkvæði að, borið ábyrgð á og tekið virkan þátt í samstarfi á uppbyggilegan hátt. Af öryggi tekið á móti og sett fram skipulagða gagnrýni á ábyrgan og uppbyggilegan hátt og tekið virkan þátt í skólasamfélaginu á lýðræðislegan hátt.
- **Nýting miðla og upplýsinga**
  - Af öryggi nýtt sér á ábyrgan, gagnrýninn, skapandi og uppbyggilegan hátt ólíka miðla í námi sínu, aflað upplýsinga og lagt mat á gæði og trúverðugleika þeirra og miðlað þeim á gagnrýninn og skapandi hátt.
- **Ábyrgð og mat á eigin námi**
  - Með hliðsjón af styrkleikum sínum, nýtt sér mjög vel hæfniviðmið í námi, unnið sjálfstætt og jafnan sett sér skýr, raunhæf markmið. Borið ábyrgð á eigin námi og af öryggi metið frammistöðu og endurskipulagt aðferðir við nám í ljósi árangurs.

Í gegnum námið í Ásgarði og með þeim kennsluáferðum og viðfangsefnum sem lögð eru til grundvallar er **ennfremur** unnið að því að styðja nemendur við að ná persónulegum og félagslegum markmiðum sem líkleg eru til þess að nýtast þeim svo þau megi verða virkir **þjóðfélagsþegar í síbreytilegu alþjóðlegu samfélagi.**



Skólamenning Ásgarðs hvetur alla til hugsunar og þrautseigju og leggur áherslu á að nemendur:

- Séu forvitnir og njóti þess að kafa ofnaí viðfangsefni sín.
- Geti aðlagað sig breyttum aðstæðum
- Gefist ekki upp
- Beri umhyggju fyrir sér og öðrum
- Geti ástundað góð samskipti
- Sýni tillitssemi við hvert annað og alla í umhverfi sínu
- Geti unnið sjálfstætt og með öðrum
- Sýni hvert öðru virðingu í einu og öllu

## Þemaverkefni og námsvísir

Í námsvísi skólans er yfirlit yfir þau þemaverkefni sem megnið af vinnu nemenda byggir á. Hvert þema er drifið áfram af einum ákveðnum grunnþætti hverju sinni - en á sama tíma lita allir grunnþættirnir allt starf skólans. Hugtökin sem lýsa þemanu ásamt grunnþáttum hnýta saman námsgreinar í að minnsta kosti 80% af námstíma nemenda. Námsvísirinn gefur heildaryfirlit yfir uppbyggingu náms yfir heilt ár.

Á hverju skólaári fara nemendur í gegnum **sex þemaverkefni**. Meginaðferðirnar eru þær sömu ár eftir ár þó viðfangsefnin í þemaverkefnunum breytist enda eru þau endurskoðuð af kennurum á hverju hausti. Námsvísirinn er gæðastýringartæki og tryggir jafnframt fjölbreytni í starfsháttum bæði fyrir nemendur og kennara. Þemaverkefnasafn IMYC samanstendur af 33 verkefnum sem eru skipulögð eitt ár fram í tímann - sex á hverju ári. Eitt viðfangsefni stýrir vinnunni en nemendur vinna að sínum markmiðum á sínum forsendum. Alltaf er lögð áhersla á tengingu hvers og eins nemanda við viðfangsefnin og framfarir hans.

Undir hverju þema er tiltekið hvaða **lykilhæfni og persónulegu markmið** eru áhersluatriði hverju sinni. Í námsvísinum kemur líka fram hvernig viðkomandi þemaverkefni tengist markmiðum skólans um að vera stöðugt að stuðla að bættum heimi.

Í námsvísinum hefur hver grunnþáttur sinn dálk og undir honum birtast áhersluatriði þemans hvað varðar lykilhæfni, námsgreinar, tilhögun hópaskiptinga, kennsluáferða o.fl. Þegar námsvísirinn er lesinn frá vinstri til hægri er hægt að lesa fjölbreytnina. Þegar lykilhæfnin er lesin frá vinstri til hægri á að koma í ljós að sérstök áhersla er lögð á hverja lykilhæfni að minnsta kosti tvisvar sinnum yfir veturinn. Auðvitað er stanslaust verið að vinna með lykilhæfni og grunnþætti - en með því að leggja sérstaka áherslu á ákveðnum tímum tryggir námsvísirinn ákveðna dýpt og skipulag.



Hvert þemaverkefni hefur sérstaka tengingu við heimsmarkmiðin þar sem nemendur geta valið að beintengja heimsmarkmiðin við útfærslu eigin verkefna eða vinna sérstök alþjóðleg verkefni þar sem nemendum er gert að leggja sitt af mörkum við að ná heimsmarkmiðunum.

## Námsmat

Í Ásgarði greinum við á milli þekkingar-, leikni- og hæfnimarkmiða og leitum ólíkra leiða til að ná þeim markmiðum sem sett eru og til að meta þau.

Námsmatið er afar mikilvægt í námsferli nemenda og mikilvægur þáttur í því að nemendur verði ábyrgir fyrir eigin námi. Námsmatið er leið til þess að styðja nemendur við að færast sífellt nær markmiðum sínum.

Í Ásgarði er námsmatið samofið kennslunni í þeim tilgangi að bæta nám og kennslu. Námsmatið ber skýr einkenni **leiðsagnarmats** vegna þess að matið stuðlar að námi og aðlagar stöðugt kennsluna og námið að þörfum nemandans.

- Framfarir eru metnar yfir þrjú ár - (eða tvö ef nemandi lýkur unglíngastiginu á tveimur árum)
- Nemendur og kennarar halda utan um hvernig nemendum miðar að því að ná viðkomandi hæfni með því að leggja mat á hvort nemandi sé á byrjunarreit, á góðri leið - eða hæfni náð (Rubrics - stigvaxandi hæfnilistar), 80%-90%.
- Þekking er metin með munnlegum hætti eða á prófum (val) 10-20%.
- Mikil áhersla á sjálfsmat og þáttöku foreldra í námsmati.
- Kynning á verkefnum og ígrundun er lokastig hvers þemaverkefnis. Þar meta nemendur, kennarar og eftir tilvikum foreldrara:
  - Hæfni nemenda til að tjá hugsanir sínar, tilfinningar og skoðanir munnlega, skriflega og á annan hátt. Hæfni til að miðla þekkingu og leikni sinni og flytja mál sitt skýrt og áheyrilega og taka þátt í samræðum og rökræðum.
  - Skapandi hugsun og frumkvæði í efnistöfum og úrvinnslu. Hæfni nemenda til að beita þekkingu og leikni, draga ályktanir, áræðni til að leita nýrra lausna og beita gagnrýninni hugsun og röksemdafærslu.
  - Hæfni nemenda til að vinna sjálfstætt, í samstarfi við aðra og undir leiðsögn.
  - Hæfni nemenda til að nýta margvíslega miðla í þekkingarleit, úrvinnslu og miðlun og nýta upplýsingar á ábyrgan, skapandi og gagnrýnninn hátt.



## Lokamat

Ef niðurstöður samræmdra könnunarprófa sýnir að nemandi hefur sýnt framúrskarandi hæfni (A) eða (B) samkvæmt hæfnikröfu 10. bekkjar eða hefur lokið markmiðum grunnskólans, geta foreldrar óskað eftir því að barnið sé útskrifað úr grunnskóla á 9 árum. Námsráðgjafi veitir nemandanum námsráðgjöf og skólastjórn og kennarar aðstoða foreldra að meta hvort ákvörðunin sé heppileg fyrir viðkomandi nemanda.

Námsmat í Ásgarði er stöðugt í gangi og nemendur, foreldrar og kennarar eiga að vita öllum stundum hvar hver nemandi stendur gagnvart sínum markmiðum. Kennarar stýra því að nemendur og foreldrar hafi þá yfirsýn sem þarf til þess að hver og einn átti sig á því hvar viðkomandi er staddur. Við lok hvers þemaverkefnis gera kennarar og nemendur samantekt sem nemandinn kynnir fyrir foreldrum sínum.

Lokamat á ekki að koma neinum á óvart og við lok hvers skólaárs er það markmið að nemandinn geti sjálfur skýrt frá því hver hans staða er og hvert hann stefnir.

## Samræmd próf

“Grunnskólanemendum er skylt að þreyta samræmd könnunarpróf í 4., 7. og 10. bekk. Skólastjórum er heimilt að veita nemendum undanþágu frá því að taka samræmdu könnunarprófin í öllum námsgreinum eða hluta þeirra ef gildar ástæður mæla með því og kennarar og foreldrar eru því samþykkir. Heimild skólastjóra til undanþágu getur m.a. tekið til nemenda með annað móðurmál en íslensku sem eru nýlega fluttir til landsins, nemenda með sérþarfir í almennum skólum og sérskólum eða nemenda sem af óviðráðanlegum ástæðum geta ekki tekið prófin.”

Nemendur Ásgarðs þreyta samræmd próf og taka þátt í mælingum MMS eins og aðrir nemendur á landinu. Niðurstöður samræmdra mælinga er nýttar til þess að nemendur átti sig betur á stöðu sinni og geti lagt grunn að frekari framförum. Sýni nemendur ekki “eðlilegar” framfarir er brugðist við með því að finna leiðir til þess að nemandinn nái betri tengingu við viðfangsefnið og komist aftur á framfaraskrið.

## Grunnþættir

*“Menntastefna nýrra aðalnámskráa er reist á sex grunnþáttum sem varða starfshætti, inntak og umhverfi náms á öllum skólastigum. Þeir eru læsi, sjálfbærni, heilbrigði og velferð, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti og sköpun.*

*Með þessum sex grunnþáttum er lögð áhersla á að rækta með markvissum hætti þá þekkingu, leikni og viðhorf sem styrkir getu*





*einstaklinga í framtíðinni til að verða gagnrýnir, virkir og hæfir þátttakendur í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi.*

*Hugmyndirnar að baki grunnþáttunum eiga að endurspeglast í starfsháttum skóla, samskiptum og skólabrag. Þeir skulu vera sýnilegir í skólastarfinu öllu og koma fram í inntaki námsgreina og námssviða, bæði hvað varðar þá þekkingu og leikni sem börn og ungmenni skulu afla sér"*

*(Mennta- og menningamálaráðuneytið, sótt 25. apríl 2018).*

Í Ásgarði leiða grunnþættir aðalnámskrár allt skólastarf og þar að auki er lögð sérstök áhersla á hvern grunnþátt á 6 vikna tímabili á hverju skólaári. Þannig hefur hver grunnþáttur sérstakan sess í skólastarfi Ásgarðs á hverju skólaári. Sjá nánari útfærslu í námsvísi.

## Grunnþættir

### Sjálfbærni

- Nemendur taka þátt í því að vinna að heimsmarkmiðum og taka beinan þátt í að hafa áhrif á umhverfi sitt og heiminn allan
- Í gegnum verkefni nemenda er þeim gert að skilja vistkerfi jarðar og finna leiðir til þess að viðhalda því með gjörðum sínum
- Framleiðsla og neysla og áhrif á sjálfbærni heimsins er viðfangsefni verkefna nemenda í Ásgarði
- Umhverfisstefna Ásgarðs
- Nemendur taka þátt í því að auka sjálfbærni heimsins með verkefnum sem tengjast beint viðfangsefninu.

### Heilbrigði og velferð

- Nemendum er gert kleift að nálgast viðfangsefni sín út frá áhugasviðum sínum
- Nemendur skapa sjálfir og með forráðamönnum sínum umhverfi til að efla hreyfifærni sína með leiðsögn frá kennurum
- Stefna skólans og starfshættir miða að því að koma til móts við þarfir allra nemenda vinna með þeim á þeirra forsendum svo að þeir verði færir um að taka ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð
- Nemendur vinna á stigvaxandi hátt að því að verða fær um að bera ábyrgð á eigin heilbrigði og velferð og geti ein og óstudd skipulagt heilsusamlegt lífveri sitt með hreyfingu, andlega heilsu og mataræði í huga
- Nemendur læra að þekkja sjálfa sig með verkefnum sínum.



- Eineltisáætlun

### Lýðræði og mannréttindi

- Nemendur taka beinan þátt í stjórnun skólans og hafa fulltrúa í stjórn skólans
- Í Ásgarði fá nemendur tækifæri til að móta nám sitt, námsumhverfi og skipulag skólastarfsins
- Í öllu námi og viðfangsefnum skólastarfsins er tekið tillit til áhuga nemenda og þeim ætlað að bera ábyrgð á sínu eigin námi
- Nemendur læra að þekkja réttindi sín með vinnu með Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna og mannréttindi.
- Lýðræðislegt gildismat er rauður þráður í öllum verkefnum sem nemendur Ásgarðs glíma við.
- Nemendur sitja í skólaráði Ásgarðs.
- Nemendur taka beinan þátt í að móta skipulag skólans, hafa tillögurétt og alltaf er á þá hlustað.

### Jafnrétti

- Nemendur fá að þroskast á eigin forsendum í Ásgarði. Samþættu þemaverkefnið gera ráð fyrir því að nemendur tengi viðfangsefni sín við fyrri þekkingu og móti skoðanir sínar með því að kynna sér efnið og móta nýjar skoðanir í lýðræðislegri samræðu við samnemendur og kennara.
- Námská Ásgarðs (sérstaklega viðfangsefni IMYC) leggur mikla áherslu á að nemendur beri virðingu fyrir öllu mannkyni um allan heim.
- Námskrá Ásgarðs er sérstaklega sniðin að því að nemendur velti fyrir sér jafnrétti í samhengi við heimsmyndina og hvernig jafnrétti birtist í nútíð, fortíð og framtíð.

### Læsi

- Nemendur lesa fjölbreytta texta í tengslum við viðangsefni sín
- Öll verkefnið hefjast á því að nemendur tengja við sína fyrri þekkingu, móta hugmyndir sínar og koma þeim á framfæri við aðra
- Leiðardagbókaráskrif nemenda eru rauður þráður í úrvinnslu nemenda á þeim viðfangsefnum sem þeir fást við. Með slíkum skrifum móta nemendur hugmyndir sínar og færa í letur
- Nemendur skapa sína eigin merkingu með því að vera stöðugt að velta fyrir sér hugmyndum sínum, máta eða spegla við hugmyndir annarra og þróa eigin tengingar við viðfangsefnið



- Nemendur vinna sífellt að auknum skilningi á umhverfi sínu og samfélagi með verkefnavinnu sinni
- Nemendur kynna eigin vinnu í lok hvernar vinnulotu þar sem þeirra túlkun á viðfangsefnum birtist
- Í Ásgarði reka nemendur fréttastofu þar sem þeir birta verk sín, kynna skólann og miðla upplýsingum sem þeir sjálfir ritstýra.

### Sköpun

- Stöðug sköpun er í gangi í Ásgarði og kennslufræðileg stefna skólans gerir ráð fyrir því að ríflega 80% viðfangsefna skólans njóti sköpunarmáttis nemenda
- Ýtt er undir forvitni og heilabrot með stöðugum rannsóknum á viðfangsefnum skólans. Rannóknir og ígrundun er meginstoð kennslufræðilegrar útfærslu í námi skólans
- Nemendur eru hvattir til að koma hugmyndum sínum í framkvæmd og kynna fyrir samnemendum, kennurum og foreldrum
- Nemendur hafa val um viðfangsefni og hvernig þeir skila afrakstri verkefna sinna
- Áhersla á listir og sköpun kemur fram í þemaverkefnum.

## Bókasafn og bjargir

Bókasafn Ásgarðs er ríkulegt safn af efni sem starfsfólk skólans og nemendur byggja upp með tímanum. Í bókasafninu er að finna ríkulegar bjargir sem auðvelda nemendum námið. Nemendur í Ásgarði eiga rétt á námsbókum frá Menntamálastofnun og sjá kennarar um að panta þær bækur sem eiga við hverju sinni.

Námsbækur stýra ekki náminu í Ásgarði en bækur eru notaðar af öllum í Ásgarði til að dýpka þekkingu á þeim viðfangsefnum sem verið er að fást við hverju sinni.

## Tækni og nám

Góð nettenging er nauðsynleg svo nemendur geti stundað nám í Ásgarði. Allir nemendur fá Oculus Quest sýndarveruleikagleraugu og tölvu. Nemendur þurfa að eiga síma sem hægt er að taka myndir á og hringja í og úr. Nemendur þurfa að geta stundað námið sitt í umhverfi þar sem hljóð berst vel og hafa aðgengi að heyrnatólum með hljóðnema. Önnur tæki og tól eru ekki nauðsynleg til að stunda nám í Ásgarði.



## Heimanám

Ekkert skilgreint heimanám er í Ásgarði. Sérhver nemandi og nemendahópar þurfa að standa skil á verkefnum sínum við lok hvernar lotu eða þemaverkefnisins. Það er engin undantekning frá verkefnaskilum og ef nemendur hafa ekki nýtt tíma sinn vel við vinnu á skólatíma þá þurfa þeir að taka til hendinni til að ljúka verkefnum sínum. Áætlanagerð er einn af lykilþáttum í námi í Ásgarði og umfang verkefna ákveðið af nemendum í samráði við kennara. Nemendur eiga því að geta sniðið verkefni sín að eigin þörfum.

## Námsgreinar

*“Námsgreinar eru mikilvægur hluti skólastarfs en ekki markmið í sjálfu sér. Það er ekki hlutverk skóla að kenna námsgreinar heldur að mennta nemendur og koma hverjum og einum til nokkurs þroska. Í viðfangsefnum og aðferðum námsgreinanna kynnast nemendur ólíkum sviðum veraldarinnar; heimi hluta og hugmynda, náttúru og menningu. Þeir fræðast um nærumhverfi sitt og fjarlæg heimshorn, kynnast örheimi efnisagna og víðáttum geimsins. Námsgreinar gefa nemendum færi á að kynna sér og ræða siði og lífshætti, þekkingu og hugmyndir, kenningar og staðreyndir, lögmál og reglur sem gefa lífi þeirra og umhverfi merkingu og tilgang. Námsgreinarnar búa einnig yfir mismunandi aðferðum og verklagi, sem nýtast til náms og þroska. Inntak og verklag mismunandi námsgreina þarf að höfða til rökhugsunar jafnt sem tilfinninga og svara meðfæddri forvitni og sköpunarþrá nemenda. Aðferðafræði og verklag ólíkra námsgreina stuðlar að fjölbreyttu námi og almennri menntun. Í samfélaginu eru verkefni yfirleitt ekki sundurgreind og einangruð heldur samofin mörgum þáttum. Þetta er mikilvægt að hafa í huga við skipulag skólastarfs. Því ætti að vera áhersla á samþættingu námsgreina þar sem horft er til verkefna sem hafa snertifleti við margar námsgreinar. Þannig má nálgast það markmið að gera námið merkingarbærara fyrir nemendur, skýra fyrir þeim samhengi fræðigreina og nauðsyn þess að hafa innsýn í heim þeirra”.*

Námsgreinar í Ásgarði renna saman í samfellda áherslu undir sex þemum á hverju skólaári. Þemaverkefnin ná yfir þekkingar-, leikni- og hæfniviðmið sem námsskrárstjóri sér um að halda utan um og tengja við IMYC námskrána og hæfniviðmið aðalnámskrár. Viðmiðin eru beintengd við námsmat og námsferlið sjálft. Námsferlið er í eðli sínu ferli sem snýst um lykilhæfnina og persónuleg markmið nemenda.

Í Ásgarði vinna nemendur í teymum en er ekki skipt eftir í hópa eftir árgöngum. Í gegnum vinnu nemenda takast þeir á við verkefni sem munu á þremur árum ná yfir þau viðmið sem sett eru í aðalnámskrá grunnskóla. Með ítarlegri skráningu á viðmiðum



og krossvísunum á milli þemaverkefna og hæfniviðmiða eftir námsgreinum byggist upp hjá hverjum og einum nemanda ferli hans í gegnum viðmið námsgreina.

Á þremur árum munu nemendur Ásgarðs eyða eftirtöldum mínútufjölda að jafnaði í hverja námsgrein:

- **Íslenska** 630 mínútur.
- **Erlend tungumál**, enska, danska eða önnur Norðurlandamál. 840 mínútur.
- **List- og verkgreinar**, tónmennt, sjónlistir og sviðslistir (listgreinar). Hönnun og smíði, textílmennnt og heimilisfræði (verkgreinar). Jafnvægi á að vera á milli. 840 mínútur.
- **Náttúrugreinar** 360 mínútur.
- **Skólaíþróttir** 360 mínútur.
- **Samfélagsfræðigreinar**, trúabragðarfræði, lífsleikni, jafnréttismál, siðfræði. 360 mínútur.
- **Stærðfræði** 600 mínútur.
- **Upplýsinga og tæknimennt** 360 mínútur.
- **Valgreinar** helmingur valstunda skal vera bundinn list- og verktengdu námi og útfært út frá heildstæðum þemaverkefnum nemenda "Kistilinum". 870 mínútur.

**Samtals 4.440 mínútur** fyrir 8.-10. bekk **eða** 24,6 klst að jafnaði á viku fyrir hvern árgang. Í Ásgarði er vinnuvika nemenda að jafnað 24,6 stundir eða 5 klst á dag.

### Valgreinar

*"Valgreinar eru hluti af skyldunámi. Í 8., 9. og 10. bekk grunnskóla skal nemendum gefinn kostur á að velja námsgreinar og námssvið sem svarar til alls að fimmtungi námstímans en skólar geta skipulagt mismunandi hlutfall valgreina eftir árgöngum og skal slíkt koma fram í árlegri starfsáætlun".*

Í Ásgarði þurfa nemendur að laga námið að eigin þörfum og gera það í samráði við námsráðgjafa, kennara og foreldra. Megináherslan er lögð á að undirbúa nemendur fyrir framhaldsskólann, vera ábyrg fyrir sínu námi út frá sínum áhugasviðum og með eigin framtíðaráform í huga. Þannig gefst nemendum kostur á að hefja kerfisbundið og stigvaxandi þá vegferð að verða sjálfstæðir námsmenn sem bera ábyrgð á eigin námi. Í Ásgarði gefst þeim tækifæri á að móta áhugasvið sitt og námstækni - sérstaklega í gegnum valið.

Val nemenda í Ásgarði er persónubundið. Það getur tengst íþróttum, áhugamálum, sjálfbóðaliðastörfum og/eða félagsstarfi viðkomandi nemenda en útfært út frá grunnþáttum eins og annað nám í Ásgarði. Námskrárstjóri og stjórn skólans hanna



skrefin sem nemendur þurfa að stíga til þess að viðfangsefni geti talist fullgild valgrein. Verklag valgreinanna í Ásgarði heitir Kistillinn.

Nám í framhaldsskóla getur talist valgrein og er þá miðað við að það séu ekki meira en 160 mínútur á viku skv. aðalnámskrá. Nám í framhaldsskóla er einnig hægt að útfæra með verklagi Kistilsins.

### Kistillinn

Kistillinn er heildstætt verkefni þar sem nemendur fá tækifæri til þess að skapa út frá þeim viðfangsefnum sem þeir sjálfir vilja vinna en með skýrum og metnaðarfullum viðmiðum um framkvæmdina. Kistillinn er einstaklingsverkefni sem nemandinn drífur áfram en kennarinn styður við - með tímanum eykst sjálfstæði nemenda við útfærslur á viðfangsefnum valgreinanna.

#### Meginmarkmið

- Að nemendur geti náð framúrskarandi árangri á einstaklingsmiðaðan hátt með skipulögðum námsaðferðum sem byggja á styrkleikum þeirra.
- Að nemendur takist á við krefjandi áskoranir þvert á bóklegar námsgreinar, list- og verkgreinar, íþróttir og frístundir.
- Að nemendur takist á við verkefni sem eykur sjálfstraust, virkni, þrautseigju og ábyrgð á eigin námi og endurspeglast í áherslum á lykilhæfni aðalnámskrár.
- Að auka samstarf skólans við atvinnulífið.

Lykilhæfni, áherslur: Verkefnið byggir kyrfilega á öllum þáttum lykilhæfninnar.

Nemendur fá tækifæri til þess að láta reyna á alla þætti og sýna fram á hæfni sína við að tjá og miðla, skapa og gagnrýna, beita sjálfstæðum vinnubrögðum, nýta fjölbreytta miðla og meta sína eigin stöðu.

#### Kistillinn:

- Er verkefni sem hvetur nemendur til að þjálfast í fjölbreyttum vinnubrögðum með því að fást við viðfangsefni sem eru þeim hugleikin
- Er verkefni sem gefur nemendum mikilvægt tækifæri til að skapa persónulega afurð
- Er verkefni sem gefur nemendum kost á að velja sér hæfniviðmið
- Er verkefni sem er hvetjandi, persónuleg áskorun fyrir nemandann
- Er verkefni þar sem nemendur nota langan tíma til að kafa djúpt í viðfangsefni að eigi vali.
- Er verkefni sem tekur mið af því að nemendur öðlist nýja skapandi innsýn og dýpri skilning á sjálfum sér sem námsmanni og rannsakenda.
- Er verkefni sem eykur þrautseigju.



- Er verkefni þar sem nemendur eiga áhrifarík samskipti um ákveðið viðfangsefni við aðra en kennara sína eða foreldra.
- Er verkefni þar sem nemendur læra að meta námsferli sitt.
- Er verkefni sem miðar að því að nemendur fyllist stolti af sínum verkefnum þar sem þau eru sniðin af þeim sjálfum samkvæmt þeirra þörfum.

### Vinnulag

Kistillinn er áhugasviðsverkefni þar sem verkefni nemandans er að sníða sér stakk eftir vexti og gera sér tíma- og verkáætlanir í samræmi við tíma og umfang verkefnisins. Kistillinn er undanfari Kistunnar sem er stóri bróðir Kistilsins en með vaxandi færni nemenda eflist sjálfstæð þeirra.

- **Nemendur velja sér viðfangsefni sem þeir gera að sínu verkefni.** Verkefnið má tengjast ípróttum, tónlist, leiklist, endurbótum á húsnæði, viðgerðum, nýsköpun eða hverju því sem þeim dettur í hug. Verkefnið getur verið liður í því að láta drauma rætast. Verkefnið er aðeins háð reglunni um jafnvægi á milli hugar og handar. Gera þarf ráð fyrir að hlutur list- og verkgreina sé 50% af valinu, þ.e. jafnvægi skal vera á milli bóklegra þátta og verk- og listgreina. Einstök verkefni geta þannig verið alfarið verkleg eða bókleg en heildarniðurstaðan þarf að vera 50/50.
- **Verklýsing** - nemandinn gerir verklýsingu þar sem hann er í rauninni að ákveða útkomuna fyrirfram (gæðaviðmið). Lýsingin þarf að vera það ítarleg að nemandinn geti metið sig samkvæmt henni við lok verkefnis.
- **Kennarinn velur grunnþátt** og hjálpar nemandanum að móta viðfangsefnið. Með tímanum fara nemendur sjálfir að velja sér grunnþátt.
- Nemandinn gerir **tíma og verkáætlun**. Nemandinn velur leið til þess að gera tímaáætlun um framfang verkefnisins - hvort sem það er í dagbók eða Google Calander, Trello eða hverju því sem hann kys að nota.
- **Kennarinn** velur önnur markmið verkefnisins ítarlega nema nemandinn geri það sjálfur. Kennarinn eða nemandinn skrá markmið verkefnisins sem verða lykillinn að mati verkefnisins. Við lok verkefnisins metur kennarinn nemandann og nemandinn metur sig. Sameiginlega er komist að niðurstöðu.
- **Matsnefndar matsviðmið** - Í lokin kynna nemendur verkefni sín fyrir matsnefnd sem skipuð er þremur aðilum innan skólans. Nemendur þekkja frá upphafi matsviðmið matsnefndar og skipuleggja sig vandlega með lokamatið í huga.
- Nemandinn heldur **vinnudagbók** - í tóma bók, Trello eða öðrum forritum, eða með öðrum rafrænum hætti.
- Nemandinn gerir **skýrslu** um verkefnið sitt og skilar inn.
- Nemandinn heldur kynningu á verkefninu sínu, gerir grein fyrir því hvert markmiðið með verkefninu var, hvernig það gekk og sýna og kynna afurðina fyrir matsnefnd. Matsnefndin metur.



## Samstarf heimilis og skóla

Samkvæmt barnalögum teljast foreldrar þeir sem fara með forsjá barns. Í Ásgarði er orðið “foreldrar” notað um þá sem fara með forsjá barns.

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna. Foreldrar gegna mjög mikilvægu hlutverki í starfsemi Ásgarðs. Nemendur Ásgarðs verða ýmist staðsettir á heimilum sínum (eða vinnustöðum sem foreldrar ákveða) eða með starfsstöð í heimaskóla. Það kemur því gjarnan í hlut foreldra að taka bæði virkan þátt í námi barnsins sem og skipulagi dagsins.

Starfsfólk Ásgarðs lítur á foreldra sem nánustu samstarfsmenn sína og lykilfólk í að styðja nemendur við að ná markmiðum sínum.

Foreldrar eru dýrmætasti hlekkurinn í samskiptum heimilis og skóla. Í Ásgarði stýra nemendur fundum með foreldrum sem haldnir eru á tveggja vikna fresti allan veturinn. Nemendur taka saman dagskrárefni funda og undirbúa þá á vikulegum fundum með umsjónarkennara.

Á hverjum föstudegi stýra nemendur opnum foreldrafundi þar sem þeir skiptast á að fara yfir fréttir vikunnar, viðfangsefni, sigra og sorgir. Opnir fundir með foreldrum eru teknir upp og safnast í fréttisarp vetrarins.

Foreldrar hafa aðgang að framfarastiga barna sinna í gegnum rafræna kennslustofu nemandans.

## Samstarf við framhaldsskóla og tilfærsluáætlun

Nemendur í Ásgarði fá trausta náms- og starfsráðgjöf sem auðveldar þeim að velja nám við hæfi.

Ásgarður er í samstarfi við Menntaskólann á Tröllaskaga varðandi nemendur sem hafa að hluta til eða öllu leyti lokið markmiðum grunnskólans.

Ef grunnskólanemandi stundar nám í framhaldsskóla, sem skilgreint er sem hluti náms í grunnskóla, fer um kostnað vegna kennslu á framhaldsskólastigi eftir ákvæðum laga um grunn- og framhaldsskóla. Um nánari framkvæmd og fyrirkomulag skal samið milli Ásgarðs og hlutaðeigandi framhaldsskóla.

Fyrir þá nemendur sem njóta sérúrræða í Ásgarði munu kennarar og aðrir fagaðilar ásamt foreldrum nemandans móta tilfærsluáætlun vegna fyrirhugaðs náms





viðkomandi í framhaldsskóla. Sá undirbúningur hefst ekki síðar en við upphaf 9. bekkjar.

Nemendur í Ásgarðsskóla fá kynningar um nám í völdum framhaldsskólum. Nemendur og foreldrar bera fram óskir sína og námsráðgjafi bætir við hugmyndum sem hann telur henta börnum hverju sinni.

Fyrirmynd að tilfærsluáætlun Ásgarðsskóla er [tilfærsluáætlun Álfhólsskóla](#) (sótt 10. apríl 2020).

## Tengsl skóla við nærsamfélagið

Tengsl nemenda Ásgarðs við nærsamfélag sitt gegnir mikilvægu hlutverki. Við útfærslu náms í Ásgarði er lögð áhersla á að verkefni nemenda tengist umhverfi þeirra, nær og fjær. Áhugasviðsverkefni **Kistan** og **Kistillinn** tengja viðfangsefni nemenda sérstaklega út fyrir starfsemi skólans og þar leita nemendur til stofnana í nærumhverfi sínu og til stofnana og fyrirtækja um land allt - jafnvel út fyrir landsteinana.

Í verkefnum nemenda þar sem þau útfæra list og verkgreinar þurfa þeir gjarnan að finna sér efnivið og aðstæður til að vinna með. Þetta er gert í samvinnu við foreldra og nærumhverfi nemenda. Þetta er þó ekki skilyrði því búi nemendur til að mynda mjög afskekkt þá er þetta leyst í fjarsamstarfi.

Í hverju tilviki fyrir sig er leitast við að vinna með fyrirtækjum og stofnunum, félagasamtökum og lista og menningar samtökum enda er það kjarninn í verkefnum skólans að tengja saman hug og hönd eins og kostur er.

Í áætlunum nemenda eru þessi tengsl tilgreind og skráð og tekin til umfjöllunar í nemendastýrðum samtölum við foreldra og kennara.



## Áætlun um agamál

Ætlast er til að nemendur mæti stundvíslega og vel undibúnir í skólann þar sem þeir eru tilbúnir til að takast á við krefjandi verkefni, þiggja leiðsögn og taka virkan þátt í viðfangsefnum sínum. Nemendum er einnig ætlað að sýna kurteisi og láta sér annt um að samskipti séu vinsamleg og til þess fallin að auka samkennd og öryggi nemenda og annarra sem í skólanum starfa. Nemendur sýna sjálfum sér og öðrum virðingu með framkomu sinni og gjörðum. Til að ná þessum markmiðum skilgreinir skólinn æskilega hegðun á eftirfarand hátt:

- Nemandinn hefur stjórn á eigin hegðun, bæði orðum og gerðum
- Sýnir sjálfum sér og öðrum virðingu, kurteisi og tillitssemi
- Gerir sér far um að leysa úr ágreiningi sem upp kann að koma af skynsemi og án ofbeldis
- Gerir sér far um að setja sig í spor annarra
- Fer vel með þau verðmæti sem honum er trúað fyrir, gengur vel um skólann og umhverfi hans
- Virðir eigur annarra
- Fer að fyrimælum kennara og annars starfsfólks
- Leggur sig ávallt fram við námið og sýnir metnað í að gera sitt besta
- Virðir verk sín og vandar frágang á verkefnum sínum
- Mætir stundvíslega, undirbúin og með þau gögn sem nota þarf
- Virðir bekkjasáttmála

### Óásættanleg hegðun

Til að nemendur átti sig betur á því hvar mörkin milli æskilegrar og óásættanlegrar hegðunar liggja, verða nemendur að gera sér grein fyrir hvað telst óásættanleg hegðun.

Óásættanleg hegðun er þegar nemendur:

- Eyðileggja, hindra eða trufla skólastarf, vinnu annarra nemenda, kennara eða annars starfsfólks
- Láta sér ekki segjast við vinsamlegar ábendingar
- Gangi í eigur annarra, skemmi eða steli
- Valdi öðrum kvíða og öryggisleysi
- Ógni öryggi annarra einstaklinga sem starfa í skólanum, nemenda, kennara eða annarra starfsmanna
- Noti eða hafi undir höndum tóbak eða aðra vímuefni



## Lögbrot

Við líðum ekki lögbrot, svo sem skemmdarverk, þjófnað, ofbeldi, vímuefnanotkun, alvarlegar hótanir eða annað ofbeldi.

Að öllu jöfnu er haft samband við foreldra/forráðamenn ef nemandi sýnir óásættanlega hegðun eða brýtur lög. Þá er leitað eftir samvinnu um úrvinnslu mála. Atvik eru skráð í dagbók nemenda. Þetta er gert samkvæmt 13. og 14. grein reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

## **Skýr mörk**

Í Ásgarði setjum við skýr mörk á milli þeirrar hegðunar sem er æskileg og eðlileg og þeirrar hegðunar sem ekki er hægt að sætta sig við. Hegðun sem byggir á stjórnleysi er óásættanleg en hegðun sem byggir á sjálfstjórn er æskileg.

Nemandi fær val um tvær leiðir til lausnar á málum sínum:

**Leið 1** → Hann getur valið um að fara milda og árangursríka leið — uppbyggingu

**Leið 2** → Hann velur að taka skilgreindum afleiðingum gjörða sinna — viðurlögum

## **Hvað gerist ef hegðun er óásættanleg?**

Leið 1 → Árangursrík leið til lausnar — uppbyggingu

Nemendur geta valið árangursríka leið til lausnar ef hegðun þeirra reynist óásættanleg.

Við í Ásgarði viljum vinna agamál á þann hátt að allir aðilar komi sem sterkastir frá samskiptum, tilbúnir að líta í eigin barm og ná betri stjórn á hegðun sinni.

Allir geta gert mistök.

Þeir sem starfa í Ásgarði eru mannlegir og þeim geta orðið á mistök í hegðun, umgengni og samskiptum. Það gildir um alla: Nemendur, kennara, stjórnendur og aðra starfsmenn skólans.

Mistök er hægt að leiðrétta



Besta leiðin til að vinna sig út úr vanda er að viðurkenna þau mistök sem orðið hafa, gera áætlun um að leiðrétta þau og læra þannig betri leið sem nýtist viðkomandi við svipaðar aðstæður.

### Ferli agamála í kennslustund

Fyrstu mistök:

1. Kennari áminnir nemanda og gefur honum tækifæri til að ná stjórn á eigin hegðun og leiðrétta mistök sín (finna betri leið sem bætir hegðun, sættir sjónarmið og nýtir „stutt inngrip“).
2. Ef nemandi heldur uppteknum hætti, ræðir viðkomandi kennari frekar við nemandann um leiðir að lausn við fyrsta tækifæri og gerir með honum áætlun til uppbyggingar.
3. Áætlunin er skráð ásamt málsatvikum
4. Viðkomandi kennari fylgir uppbyggingaráætluninni eftir með viðtali/viðtölum eftir atvikum.

### Endurtekin óásættanleg hegðun í kennslustundum

Nemandi er látinn róa sig og viðkomandi kennari gengur frá uppbyggingaráætlun með honum við fyrsta tækifæri.

### Inngrip vegna hættuástands

Ástand metið. Nemendum og starfsfólki forðað frá hættu. Kallað eftir aðstoð.

Leið 2 farin strax

Skráning fari fram skv. 13. og 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

### Dæmi um uppbyggingu

1. Á göngum skólans, skólasafni, mötuneyti, íþróttamannvirkjum og á skólalóð:
2. Starfsmenn skólans gefa nemanda tækifæri til að bæta hegðun sína með „stuttu inngripi“
3. Haldi nemandinn uppteknum hætti og sýni neikvæða hegðun áfram vísar starfsmaður honum til umsjónakennara sem gerir uppbyggingaráætlun með nemandanum og viðkomandi starfsmanni við fyrsta tækifæri
4. Þeir sem hlut eiga að máli fá upplýsingar um áætlun nemandans sem skráð niður
5. Áætluninni er fylgt eftir með viðtali/viðtölum hjá umsjónarkennara



## Ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla

Starfsfólk skóla skal ávallt bera velferð nemenda fyrir brjósti og leggja sig fram um að tryggja nemendum öryggi, vellíðan og vinnufrið til að þeir geti notið skólagöngu sinnar. Starfsfólk skal sýna nærgætni og gæta virðingar í framkomu sinni gagnvart nemendum, foreldrum og samstarfsfólki og gæta þagmælsku. Skólastjórnendum og kennurum ber að eiga samstarf við foreldra um hegðun, líðan og samskipti barna þeirra.

Úr 3. gr. reglugerðar um ábyrgð, réttindi og skyldur starfsfólks skóla.

## Ábyrgð, réttindi og skyldur nemenda

Nemendur bera ábyrgð á framkomu sinni, háttsemi og samskiptum við skólasystkin og starfsfólk skóla, þ.m.t. rafrænum samskiptum og netnotkun með hliðsjón af aldri og þroska. Nemendur eiga rétt á að láta skoðanir sínar í ljós og fá að tjá sig ef fundið er að hegðun þeirra skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Þar með talið hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki skv. 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

## Ábyrgð, réttindi og skyldur foreldra

Foreldrar bera ábyrgð á uppeldi barna sinna, þ.m.t. að þau sækji skóla og hegðun barns gagnvart samnemendum og starfsfólki. Foreldrar gæta hagsmuna barna sinna og upplýsa starfsmenn skóla um þætti sem kunna að hafa áhrif á ástundun og hegðun. Foreldrum ber ásamt nemanda að taka þátt í meðferð mála sem upp kunna að koma. Þessi atriði byggjast á 5. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila í skólasamfélagsins í grunnskólum.

Leið 2→ Nemandi þiggur **ekki** tilboð um að gera uppbyggingaráætlun

Ef nemandi þiggur ekki tilboð um að gera uppbyggingaráætlun er málum vísað til teymisstjóra sem ákvarðar framhaldið. Í flestum tilvikum er boðað sem fyrst til fundar



með foreldrum viðkomandi nemanda. Þá taka oftast við aðgerðir sem byggja ekki á sjálfstjórn nemanda heldur skilyrðum og eftirliti.

Dæmi um úrræði þegar nemendur geta ekki eða vilja ekki leiðrétta hegðun sína og snúa sterkari til starfa á ný:

- Gerður samningur með skilyrðum
- Nemanda er boðin aðstoð námsráðgjafa
- Tilvísun í sérúrræði
- Tilvísun til skólasálfræðings (með samþykki foreldra/forráðamanna)
- Fundur með öllum kennurum viðkomandi nemanda
- Stundaskrá nemanda skert (tímabundið)
- Reglulegir stöðufundir með umsjónarkennara/foreldrum
- Vísað til nemendaverndarráðs
- Foreldrar fylgja nemanda í kennslustundum
- Sérstakt eftirlit í frímínútum
- Brottvísun úr tíma. Nemandi mætir ekki aftur hjá viðkomandi kennara fyrr en að afloknum fundi þar sem leitað er eftir samstarfi við foreldra og nemanda um leiðrétta hegðun í skólastarfinu
- Brottvísun um stundarsakir. Þegar um brottvísun um stundarsakir er að ræða vegna ítrekaðra brota á skólareglum er unnið skv. 12. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum.

### Lögbrot / alvarleg agabrot - viðurlög

Þegar nemendur brjóta alvarlega af sér eru foreldrar kallaðir til. Nemanda er vísað frá skóla á meðan afgreiðsla máls er undirbúin. Samkvæmt lögum má málsmeðferð taka allt að 5 virkum dögum án þess að nemanda sé útvegað annað skólaúrræði. Skólinn vinnur samkvæmt verklagsreglum um málsmeðferð vegna lögbrota og alvarlegra agabrota. Þegar um lögbrot er að ræða er unnið skv. 13. og 14. gr. reglugerðar um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólum. Nemendur eru ekki sakhæfir fyrr en þeir hafa náð 15 ára aldri samkvæmt fæðingarvottorði. Mál sem berast lögreglu berast sjálfkrafa til barnaverndaryfirvalda.

Það er ávallt brugðist með skýrum hætti við alvarlegum brotum.



## Reglur um skólasókn

### *Fjarvistir nemenda, veikindi og leyfi*

Forföll nemenda skal foreldri/forráðamaður tilkynna til skólans að morgni skóladags eða um leið og við verður komið þann sama dag. Tilkynni foreldri/forráðamaður ekki forföll nemanda í síðasta lagi fyrir hádegi næsta kennsludag verður litið svo á að um óheimila fjarvist sé að ræða.

Ef nemandi, sem er veikur í lok skólavíku, er enn veikur í byrjun nýrrar skólavíku, skal aftur tilkynnt til skólans um veikindi hans á mánudagsmorgni.

### *Stytttri leyfi*

Purfi nemandi stutt leyfi vegna læknisferða eða annars ámóta skal foreldri/forráðamaður tilkynna það til skólans fyrirfram og ekki síðar en þann sama dag.

### *Lengri leyfi*

Leyfi til lengri tíma en 2ja daga þurfa samþykki skólastjórnenda auk teymisstjóra.

Foreldri skal snúa sér til teymisstjóra með leyfisbeiðnina sem gefur álit sitt og sendir erindið til skólastjóra. Öll röskun á námi nemanda sem hlýst af umbeðnu leyfi er á ábyrgð foreldra eða forráðamanna sbr. 15. grein grunnskólalaga frá 2008.

Áherslur og verkefni vísast til upplýsinga sem hafa verið skráðar. Kennurum Ásgarðs er ekki skylt að útbúa sérstakar áætlanir eða verkefnapakka fyrir nemendur á meðan á leyfi þeirra stendur enda er nám barnsins þá á ábyrgð foreldra.

### *Óheimilar fjarvistir*

Nemendur skulu mæta á réttum tíma í allar kennslustundir. Mæti nemandi ekki í kennslustund án gildra skýringa skal umsjónarkennari strax hafa samband við foreldra/forráðamenn. Ef nemandi er fjarverandi úr kennslustund án þess að foreldri/forráðamaður hafi tilkynnt um forföll eða beðið um leyfi fyrir nemandann er litið á að um óheimila fjarvist sé að ræða.



Misbrestur á skólasókn er skráður niður og foreldrum haldið upplýstum á nemendastýrðum foreldrafundum. Leitast er við að finna farsæla lausn í samráði og samvinnu við foreldra áður en til annarra úrræða kemur.

### *Óstundvísi*

Nemendur skulu mæta á réttum tíma í allar kennslustundir. Komi nemandi eftir að kennari hefur hafið kennslu telst nemandinn hafa komið of seint.

Komi nemandi ítrekað of seint í kennslustund skal umsjónarkennari hafa samband við foreldra/forráðamenn eins oft og þurfa þykir. Ef ekki verður breyting til batnaðar skal umsjónarkennari í samráði við skólastjóra vísa málinu til nemendaverndarráðs og tilkynna foreldrum/forráðamönnum það.

## Almennar umgengnisreglur

### *Heimanám og gögn*

Nemendum ber að koma undirbúnum og vera með nauðsynleg gögn á skólatíma.





## Innra mat

Það er sérstakt metnaðarmál í Ásgarði að stjórnun, nám og kennsla og innra mat taki mið af skýrum gæðaviðmiðum. Gæðaviðmið skólans hafa verið sett fram í þessum þremur flokkum og byggja á gæðaviðmiðum MMS um gæða skólastarf. Ennfremur stefnir Ásgarður á að fá alþjóðlega vottun og úttekt á innleiðingu IMYC námskrárinnar. Sú úttekt fer venjulega fram þremur til fjórum árum eftir að innleiðing námskrárinnar hefst.

Innra mat er samofið öllu skólastarfi og stöðugt til umfjöllunar í öllu skólastarfi skólans. Kennarar, nemendur og foreldrar eru meðvitaðir um með hvaða hætti skólastarfið miðar stöðugt að því að uppfylla eigin gæðaviðmið.

- Innra mat í Ásgarði er skipulagt í langtímaáætlun um innra mat sem gildir frá 2020 til 2025.
- Gæðaviðmið Ásgarðs, tímaáætlun og yfirlit yfir mælitæki sem nýtt eru til að leggja mat á skólastarfið.
  - [Gæðaviðmið um Innra mat](#)
  - [Gæðaviðmið um stjórnun og faglega forystu](#)
  - [Gæðaviðmið um nám og kennslu](#)
  - Gæðaviðmið IMYC – innleidd á næstu þremur til fjórum árum.
    - [IMYC úttekt áætluð 2023.](#)

Í júní ár hvert skilar Ásgarður sjálfsmatsskýrslu til Mennta og menningamálanefndar Reykhólahrepps með tímasettri umbótaáætlun.

[Sjá nánar um Gæðakerfi Ásgarð á heimasíðu skólans.](#)



## Áætlanir

Eftirfarandi áætlanir eru hluti af skólanámskrá og finna má á heimasíðu skólans. Vinsamlegast smellið á hlekkinn til að fá viðkomandi áætlun upp.

[Móttaka nýrra nemenda](#)

[Áfengis og fíknivarnir](#)

[Aðgerðir gegn einelti og öðru ofbeldi](#)

[Öryggi og slysavarnir](#)

[Jafnrétti og mannréttindi](#)

[Viðbrögð við áföllum](#)